

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi við Árnes.

Í breytingunni felst að breytt lega tengivegar á kaflanum næst Þjóðvegi nr. 32 (Þjórsárdalsvegi) og er tengivegurinn framlengdur til suðurs að mörkum skipulagssvæðisins. Tengingar við tengibrautina verða tvær í stað þriggja, A-gata verður færð sunnar og gert er ráð fyrir nýrri húsagötu (E-götu). Fjöldi lóða er sá sami en afmörkun þeirra og byggingarreitum verður breytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. október 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.